

Ólafi Finnssyni, fyrir hönd Finns Ólafssonar, 6 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. dag nóvembermán.

Nr. 49/1910:

Runólfur Stefánsson  
 gegn  
 G. Gíslason & Hay.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði áfryjandinn Runólfur skipstjóri Stefánsson í Reykjavík fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn firmanu G. Gíslason & Hay til skaðabóta út af víxilkröfu, er þeir höfðu fengið sér tildæmda hjá honum, og var málið dæmt í nefndum rétti 10. febrúar þ. á., með þeim úrslitum, að nefnt firma var sýknað af kröfum áfryjandans, en málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfryjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 6. ágúst þ. á, og hefir hann krafist þess, að dómurinn verði úr gildi feldur og að áfryjanda verði dæmdar skaðabætur hjá stefnda, 4000 kr., með vöxtum 6% frá sáttakærudegi og málskostnaður fyrir báðum réttum eftir réttarins mati. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að málinu verði vísað frá yfirdóminum, en til vara að dómurinn verði staðfestur og áfryjandi dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað.

Stefndi hefir krafist frávisunar málsins frá yfirdómi fyrir þá sök, að áfrýjandi hafi byggt kröfur sínar fyrir yfirdómi á ástæðu, er eigi hafi komið fram fyrir undirréttinum, en þótt áfrýjandi hafi gjört þetta að einhverju leyti, — stefndu hafa ekki útlistað frekar hvað þeir áttu við — þá leiddi eigi af því frávisun málsins, og verður þessari kröfu þeirra því ekki sint.

Árið 1908 fekk bróðir áfrýjandans, Jónas kaupmaður Stefánsson í Skógarnesi, útlendar vörur frá hinu stefnda firma G. Gíslason & Hay, sem áttu að borgast með innlendum vörum. En áður en viðskiftin hófust eða um það leyti sem fyrsta aðalvörusendingin var afhent, gaf Jónas út víxil, 8. júlí 1908, á bróður sinn, áfrýjandann, að upphæð 3000 kr., með gjalddaga 26. ágúst s. á., og ritaði áfrýjandinn samþykki sitt á víxilinn og var hann síðan afhentur umboðsmanni firmans til tryggingar skuld Jónasar við firmað. Eftir árið 1908 var skuld Jónasar hjá hium stefnda orðin L. 289—4—4 eða yfir 5000 kr og kröfðust þeir þá með víxilmálsókn greiðslu á víxlinum hjá áfrýjanda, og var hann með dómi bæjarþingsréttar Reykjavíkur 26. ágúst f. á. dæmdur til að greiða þeim víxilupphæðina og 45 krónur í málskostnað.

Áfrýjandinn áleit ekki að hinir stefndu hefðu haft rétt til að hagnýta sér víxilinn eða krefjast borgunar á honum, af því að skuld sú, er víxillinn hafi átt að tryggja, en það hafi að eins verið sú skuld (nálægt 3000 kr.), er Jónas var kominn í, er víxillinn var gefinn út, hafi þegar löngu verið að fullu greidd og hefir hann því, samkvæmt geymdum rétti til þess undir víxilmálinu, höfðað mál þetta til skaðabóta fyrir þannig lagaða aðferð stefnda,

og gjört kröfur þær, er fyr greinir. Hinir stefndu halda því aftur á móti fram, að víxillinn hafi verið fenginn þeim til tryggingar *öllum* viðskiftunum við Jónas en ekki einungis til tryggingar þeirri skuld, er stofnuð var áður en víxillinn var gefinn út. Og með því að skuld Jónasar við þá nam, eins og fyr er sagt, rúmum 5000 kr., telja þeir sig hafa haft rétt til að taka borgun í víxlinum, og hafa því krafist sýknunar í málinu.

Víxillinn sjálfur ber það ekki með sér, að gildi hans sem trygging fyrir skuldinni við hina stefndu hafi verið tímabundið á þann hátt, er áfrýjandi heldur fram; þó að gjalddagi hans væri ákveðinn 20. ágúst, var víxillinn, sem var afsagður 21. s. m., jafngóð trygging eða betri eftir sem áður, eins og raun bar vitni um. Og þar sem áfrýjandi ennfremur hefir viljað byggja það, að víxillinn hafi átt að tryggja að eins borgun þeirra vara, er Jónas hafði þegar móttengið frá stefndu, á því, að í texta víxilsins er sagt, að hann sé borgun »fyrir mótteknar vörur«, þá nær það engri átt, að þar geti verið að ræða um vörur þær, er Jónas var búinn að fá frá hinum stefndu, er víxillinn var útgefinn, því að í víxlinum er, eftir hljóðun hans, átt við mótteknar vörur, er áfrýjandi skuldaði Jónasi, en ekki Jónas hinum stefndu, ef annars orðunum er ekki blátt áfram ofaukið á víxlinum, sem helzt er að ráða af málinu.

Af víxlinum sjálfum verður þannig ekkert ályktað í þá átt, að víxillinn hafi að eins átt að vera trygging fyrir greiðslu þeirra vara, er Jónas hafði fengið frá stefndu, er hann var útgefinn. Að svo hafi verið um samið, er víxillinn var fenginn hinum stefndu, að hann ætti ekki að veita þeim frekari tryggingu, hefir heldur ekki sannast

í málinum með vitnum þeim, er leidd hafa verið um það atriði, sízt þar sem ekki verður bygt á framburði Jónasar, sem bróður áfrýjanda. Áfrýjandi hefir yfir höfuð hvorki getað fært líkur eða sannanir fyrir því, að tryggingin, sem víxillinn átti að veita, hafi verið takmörkuð á þann hátt, er hann heldur fram, en þar sem haun hefir eigi sannað þetta og stefndu héldu víxlinum hjá sér óátalið alla tíð meðan viðskiftiu stóðu, og eins þótt skuld sú, er áfrýjandi heldur fram, að hann hafi átt að tryggja, hafi verið löngu greidd, alt fram til þess, er stefndu hagnýttu sér trygginguna með innheimtu víxilsins í fyrnefndu víxilmáli, verður að ganga út frá því, sem einnig kemur bezt heim við önnur atvik málsins, sérstaklega afskiftum áfrýjanda af viðskiftum Jónasar og hinna stefndu, að tilætlun málsaðilanna um trygginguna, sem víxillinn átti að veita, hafi verið svo sem stefndu halda fram, og að þeir því hafi haft fullan rétt til að hagnýta sér víxilinn á þann hátt, er þeir gjörðu, er Jónas ekki stóð í skilum við þá, en það gat ekki skert rétt þeirra til tryggingarinnar eða skoðast sem uppgjöf á henni, þótt þeir fengju hjá Jónasi við tækifæri, meðan á viðskiftunum stóð, skrifleg loforð, sem hann ekki efndi, um að borga þeim á tilteknum tíma upp í skuld sína ákveðna upphæð með innlendum vörum.

Það verður samkvæmt þessu að sýkna hina stefndu af kröfum áfrýjandans og ber því að staðfesta hinn áfrýjanda dóm. Það þykir rétt að áfrýjandinn greiði stefndu í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur.

Því dæmist rétt vera.

Hinn áfryjaði bæjarþingsdómur á að vera óraskaður. Áfryjandi Runólfur Stefánsson skipstjóri greiði stefndu, firmanu G. Gíslason & Hay, í málskostnað fyrir yfirdómi 30 kr., er lúkest innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 5. dag desembermán.

Nr. 58/1910:

Réttvísín

gegn

Guðjóni Magnússyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Hafnarfjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 29. júlí þ. á., er hinn ákærði, skósmiður Guðjón Magnússon, dæmdur samkvæmt 253 gr. og 277 gr. sbr. við 270. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og til að greiða allan sakarkostnaðinn, þar á meðal varnarlaun til skipaðs talsmanns hans í héraði 6 krónur. En svo er kveðið á í dómnum, að fullnustu hans skuli fresta að því er til refsingar kemur samkvæmt lögum nr. 39 16. nóvember 1907 um skilorðsbundna hegningardóma m. m., þannig að fullnægjugjörð dómsins falli niður að þessu leyti, svo framarlega ákærði eigi innan 5 ára frá uppsögn dómsins sætir ákæru fyrir glæp, drygðan af ásettu ráði, og sé í máli því dæmdur í þyngri refsingu en sektir.